



Stefnumótun íslenskrar
mjólkurframleiðslu
Landssamband kúabænda
2018-2028





Stefnumótun í mjólkurframleiðslu 2018-2028

Aðalfundur Landssambands kúabænda samþykkti í mars 2017 ályktun um að ráðast í stefnumótun í mjólkurframleiðslu á Íslandi til næstu 10 ára. Ný stefnumótun í mjólkurframleiðslu leysir af hólmi stefnumótun samtakanna fyrir tímabilið 2011-2021 sem samþykkt var á aðalfundi LK árið 2011. Síðan sú stefnumótun var samþykkt hafa orðið miklar breytingar í starfsumhverfi kúabænda og því eðlilegt að endurskoða stefnumótunina í samræmi við það.

Stjórn LK setti á fót vinnuhóp um nýja stefnumótun á haustmánuðum 2017. Hópurinn tók til starfa í ársbyrjun 2018. Í honum áttu sæti:

- Arnar Árnason, bóndi á Hranastöðum og formaður LK
- Elín Heiða Valsdóttir, bóndi í Úthlíð
- Davíð Logi Jónsson, bóndi á Egg
- Rafn Bergsson, bóndi í Hólmahjáleigu
- Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni
- Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf
- Anna Sólveig Jónsdóttir, bóndi á Svalbarði
- Ingi Björn Árnason, bóndi á Marbæli
- Björgvin Gunnarsson, bóndi á Núpi
- Bjarni Ragnar Brynjólfsson, skrifstofustjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM)
- Jóhanna Hreinsdóttir, bóndi í Káraneskoti og stjórnarformaður SAM

Vinnuhópurinn lagði áherslu á að fá sem víðtækasta mynd á alla þætti framleiðslu og sölu mjólkurafurða, allt frá framleiðanda til neytanda. Í því ljósi fékk hópurinn til sín eftirfarandi gesti:

- Ari Edwald, forstjóri MS
- Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu og MS
- Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónus
- Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar sem rekur Býlið okkar
- Sigmar Vilhjálmsson, eigandi Hamborgarafabrykkunnar og Shake&Pizza
- Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna

Starfsmaður vinnuhópsins var Margrét Gísladóttir. Hópurinn skilaði af sér drögum að stefnumótun til stjórnar LK sem samþykkt voru á aðalfundi LK, 6.-7. apríl 2018 og lögð fyrir haustfundi samtakanna í október 2018 til kynningar.



Meginmarkmið

Samkvæmt stefnumótuninni er Landssambandi kúabænda falið að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í mjólkurframleiðslu á tímabilinu 2018-2028:

1. Það er eftirsóknarvert að starfa í mjólkurframleiðslu á Íslandi.
2. Aðstaða kúabænda og neytenda er jöfn gagnvart markaði, hvar sem þeir búa.
3. Greinin er arðbær, samkeppnishæf og tryggir neytendum aðgengi að fjölbreyttu úrvali af gæðavöru, framleiddri á Íslandi.
4. Heilbrigði búfjár og nytjaplantna er sem best verður á kosið.
5. Kúabændur geta aðlagð framleiðslu að eftirspurn á markaði hverju sinni.
6. Sátt ríkir um fyrirkomulag úrvinnslu mjólkur og frumkvöðlastarfsemi fær notið sín.
7. Fjölbreytileiki hefur haldist í dreifingu, stærð og rekstrarformi búa.
8. Fjölskyldubúið, þar sem eigendur taka þátt í daglegum rekstri búa, er algengasta fyrirkomulag kúabúskapar.
9. Menntunarstig kúabænda er hliðstætt eða hærra en hjá öðrum faggreinum í þjóðfélaginu og fræðsla og ráðgjöf er bæði öflug og aðgengileg.
10. Kúabændur taka fullan þátt í að uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með kolefnisjöfnun.
11. Neytendur kjósa að versla íslenskar mjólkurafurðir.

Þessi ellefu meginmarkmið mjólkurframleiðslunnar hvíli á eftirfarandi:

Fræðsla

1. Menntunarstig kúabænda verði hliðstætt eða hærra en hjá öðrum faggreinum í þjóðfélaginu. Kúabændur hafi góða alhliða faglega þekkingu sem gagnast í starfsgreininni.
 - a. Gerð verði regluleg úttekt á menntunarstigi bænda til að greina þróunina.
2. Kennsla í nautgriparækt verði eflað.
 - a. Viðkomandi menntastofnunum verði tryggt fjármagn og aðstæður til að sinna kennslu í nautgriparækt af fagmennsku og metnaði bæði staðbundið, með fjarnámi og námskeiðum.
 - b. Gert verði mögulegt fyrir nemendur á háskólastigi að sækja um styrki við lokaverkefni sem koma greininni til góða. Listi af mögulegum námsverkefnum fyrir lokaverkefni verði gerður aðgengilegur á naut.is og uppfærður reglulega.
3. Aðgengi bænda að símenntun verði tryggt.
 - a. Komið verði á fót námskeiðum um bætt verklag og vinnuskipulag í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki á sviði landbúnaðar.
 - b. Komið verði á fót minni hópum bænda þar sem þeir bændur sem náð hafa árangri miðla þekkingu sinni áfram.
 - c. Farið verður í fræðsluáttak um áhrif endurræktunar túna, fóðrun og beitarskipulag til að hámarka hagkvæmni.



Ráðgjöf

1. Ráðgjöf verði aukin til bænda, hvort sem litið er til framleiðslu eða rekstrar.
 - a. Unnin verði þarfagreining á ráðgjöf til bænda og fylgt eftir í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki á sviði landbúnaðar.
 - b. Tryggt verði að eftirspurn eftir fagþjónustu verði nýtt til að móta þjónustuna.
 - c. Miðlað verði upplýsingum um tekjumöguleika bænda og þá hagræðingu sem felst í bættri fóðuröflun. Litið verði til ferilsins í heild, frá sáningu til gjafar.
 - d. Framleiðendaþjónusta afurðastöðvanna verði áfram eflað og styrkt, sér í lagi ráðgjöf varðandi gæði afurða, framleiðsluaðferðir og aðra þætti sem beintengdir eru afurðunum.
2. Kúabændum verði tryggður aðgangur að aðilum með hágæða fagþekkingu á hinum fjölbreyttu fagsviðum sem reksturinn tekur yfir.
 - a. Hvatt verði til samþættingar og frekari sameiningar svo hér á landi verði öflug stofnun/fagaðili sem vinni að rannsóknum, miðlun þekkingar og ráðgjafar í nautgriparækt.

Rannsóknir

1. Tryggt verði öflugt fagstarf í nautgriparækt og samræmd vinna stofnana á sviði rannsókna svo nýta megi rannsóknarfjármagn sem allra best.
2. Rannsóknarstarfsemin leitist við að gera íslenska nautgriparækt samkeppnishæfa við það sem gerist í nágrannalöndunum með því að leggja áherslu á hagnýtar rannsóknir auk nýtingar á erlendri þekkingu.
 - a. Greint verði hvaða vandamál eru mest mótuð af íslenskum aðstæðum og þarfnist því sérhæfðra innlendra lausna og hver séu meira alþjóðleg og megi leysa með yfirfærslu þekkingar frá öðrum löndum. Að útbúa tímasettar rannsóknáætlanir, þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir hagnýtu vægi fyrir búgreinina. Unnið í samstarfi við fagrað nautgriparæktarinnar.
3. Rannsóknir og fræðsla á fóðurframleiðslu innanlands verði eflaðar.
 - a. Ráðgjöf og fræðsla varðandi val á réttu yrki fyrir mismunandi spildur gerð aðgengilegri.
4. Komið verði á sérstökum Vísindasjóði landbúnaðarins til þess að efla rannsókn- og þróunarstarf, auka virði afurða og búa til fleiri hvata fyrir nemendur til að afla sér framhaldsmenntunar á sviði landbúnaðar.
5. Fagrað nautgriparæktarinnar verði eflað og styrkt svo hægt sé að sinna faglegum málum greinarinnar sem best skildi.

Framleiðsla

1. Gæði íslenskrar mjólkurframleiðslu verði ávallt til fyrirmyndar og í takti við kröfur neytenda.
2. Framleiðsla haldist í hendur við sölu og aukist í takt við framleiðslugetu. Innland mjólkurframleiðsla uppfylli þarfir innanlandsneyslu á hverjum tíma fyrir sig.
 - a. Spálíkan í mjólkurframleiðslu verði gefið reglulega út og aðgengilegt fyrir bændur og ráðgjafa bænda.



- b. Birgðastaða verði sérstaklega áætluð til að mæta sveiflum í eftirspurn á markaði. Tryggja þarf að varan sé til staðar sé eftir henni kallað.
3. Staðið verði vörð um aðgengi að landbúnaðarlandi til matvælaframleiðslu með sjálfbærum hætti í náttúru Íslands.
 - a. Athygli stjórnvalda verði vakin á möguleikum þeirra til að stuðla að skynsamlegri landnýtingu.
4. Stefnt verði að því að fullnýta og hámarka söluvirði allra aukaafurða mjólkurvinnslunnar.
5. Kúastofninn verði bættur með bestu mögulegu aðferðum.
 - a. Hröðun verði á kynbótum íslensku mjólkurkýrinnar. Erfðamengisúrval í nautgriparækt verði aðgengilegt fyrir bændur fyrir árið 2022. Ráðist verði samhliða í kynningarátak á notkun erfðamengisúrvals í kynbótum og ráðgjöf til bænda tryggð.
 - b. Metin verða hagræn gildi eiginleika gripanna til að leiða út hagkvæmstu úrvalsskilyrði fyrir íslenska nautgriparækt.
6. Lyfjanotkun í íslenskri mjólkurframleiðslu verði áfram haldið í lágmarki.
 - a. Unnin verði áætlun um minni lyfjanotkun í mjólkurframleiðslu.

Sala og markaðssetning

1. Sala mjólkurhraefnis verði háværkuð, skilaverð til bænda hámarkað og tryggt að mjólkuriðnaðurinn vaxi með arðbærum hætti.
 - a. Unnið verði að því að framlegðarskekkja á þeim vörum sem verðlagsnefnd ákvarðar verð á verði að fullu leiðrétt.
2. Sala aukist í takt við fjólksfjölgun og innanlandsmarkaði sé fullnægt með íslenskum mjólkurvörum.
3. Jafnvægi náist milli sölu á vörum framleiddum á fitugrunni og próteingrunni.
4. Sala aukist á íslenskum mjólkurvörum til erlendra ferðamanna sem sækja landið heim.
 - a. Skoðaðar verði sérstakar kynningarleiðir til ferðamanna.
5. Stórnotendum fjölgi og þeir kjósi að versla íslenskar mjólkurvörur.
 - a. Áhersla verði lögð á innlendar landbúnaðarafurðir í innkaupastefnu opinberra aðila, meðal annars með tilliti til vistspors vörunnar.
6. Samtal milli bænda og smávöruverslana verði aukið.
 - a. Unnið verði að auknu samstarfi milli bænda og verslunar, m.a. með Bændadögum þar sem bændur kynna sína framleiðslu.
 - b. Tekin verði reglulega út framsetning á mjólkurvörum í verslunum og veitt verðlaun fyrir bestu framsetninguna.

Neytendamál

1. Uppruni mjólkurvara sé skýr. Íslenskar mjólkurvörur verði sérstaklega merktar með áberandi hætti.
 - a. Unnið verði að því að teknar verði upp upprunamerkingar í mótuneytum og á veitingastöðum.
2. Aukinn kraftur verði settur í kynningarstarf á greininni og starfsumhverfi kúabænda.
 - a. Unnin verði greining á lagaumgjörð nautgriparæktar hérlendis í samanburði við önnur lönd í heiminum. Litið verði til dýravelferðar, lyfjanotkunar, launakjara, aðbúnaðar o.fl.
 - b. Lögð verði áhersla á kynningu hreinleika íslenskrar mjólkurframleiðslu.



3. Sátt verði um íslenska mjólkurframleiðslu í samfélaginu.
 - a. Dregið verði fram mikilvægi mjólkurframleiðslu fyrir nærumhverfi.
 - b. Aukið verði samtalið við neytendur, stjórnmalafólk og verslun um mikilvægi mjólkurframleiðslu á Íslandi.

Starfsumhverfi

1. Íslenskir kúabændur standi að einu öfluglu hagsmunagæslufélagi sem allir starfandi kúabændur taki þátt í.
 - a. Einfalt, skilvirkt félagskerfi sem tryggir hámarksárangur með lágmarks tilkostnaði.
 - b. Tryggðir verði eðlilegir tekjustofnar til hagsmunagæslu.
2. Tryggt verði fyrirkomulag mjólkursöfnunar sem jafnar flutningskostnað kúabænda hvar sem þeir búa.
 - a. Tryggt verði forræði kúabænda í mjólkuriðnaði með það að markmiði að halda vinnslu- og dreifingarkostnaði í lágmarki.
3. Tryggt verði að greinin sé arðbær á sama tíma og fjölbreytileiki haldist í dreifingu, stærð og rekstrarformi búa.
 - a. Hámarka nýtingu fastafjármuna í greininni, m.a. með samnýtingu tækja og verkþöku.
 - b. Framlög til framkvæmda verði aukin til uppfærslu á aðbúnaði og nýbyggingum.
 - c. Vönduð haggögn fyrir nautgriparækt verði gefin út árlega svo hægt sé að greina þróun framleiðslukostnaðar og frekari tækifæri til hagræðingar.
4. Kröfur til innfluttra mjólkurafurða séu þær sömu eða sambærilegar og gerðar eru til innlendra framleiðslu.
5. Staðið verði vörð um líffræðilegan fjölbreytileika landsins og heilbrigði búfjár og nytjaplantna.
 - a. Íslensk löggjöf tryggi áfram vernd heilsu manna og dýra með bestu mögulegu aðferðum til að vernda innlenda búfjárstofna.
 - b. Sóttvarnir við landamæraeftirlit verði efldar.
6. Magntollar á búvörur séu í samræmi við verðlag á hverjum tíma.
7. Dreifing kúabúa um landið haldi sér hlutfallslega og gæði lands nýtt á sjálfbæran hátt. Fjölbreytileiki haldist í stærð og rekstrarformi búa.
8. Verð á mjólk til bænda miðist við íslenskt verðlag hverju sinni.

Umhverfismál

1. Íslensk nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð fyrir árið 2028.
 - a. Unnin verði skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskri nautgriparækt og aðgerðaáætlun í framhaldi.
2. Dregið verði úr þörf mjólkurframleiðslunnar á jarðefnaeldsneyti.
 - a. Gerð verði úttekt á því með hvaða hætti hægt sé að nýta hauggas og aðra sjálfbæra orkugjafa, sem lækki um leið okrukostnað búanna.
3. Búskaparhættir mjólkurframleiðenda verði ávallt til fyrirmyndar.
4. Þátttaka bænda í aukinni umhverfisvernd.
 - a. Aukin sorpflokkun.
 - b. Urðun sorps verði haldið í lágmarki.
 - c. Unninn verði leiðarvísir um notkun, umgengni og frágang á plasti.
5. Áhersla verði lögð á notkun innlendra aðfanga.



Nýsköpun

1. Kúabændur í samstarfi við mjólkuriðnaðinn taki virkan þátt í nýsköpunarverkefnum.
 - a. Sérstaklega verði einblínt á nýsköpun á próteingrunni, hvort sem er í matvælaframleiðslu fyrir menn eða dýr.
2. Aðgengi smærri vinnsluaðila að hráefni verði tryggður til að stuðla að vöruþróun og fjölbreytni í vöruúrvali fyrir neytendur.
3. Heimavinnsla afurða verði aðgengilegri. Regluverk og leyfisveitingar einfaldaðar.
 - a. Notendavænni aðferðir í vörum beint frá býli, m.a. í gegnum vefverslun.